

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B144-147

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 2321.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 144-147

Nr. 928-954

2004

Efnisyfirlit B 144–147 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
928	19. nóv.	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti	2321
929	19. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum	2322
930	19. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum	2323
931	19. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi	2324
932	19. nóv.	Reglugerð um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla ...	2325-2326
933	19. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti	2327
934	19. nóv.	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.	2328-2329
935	18. nóv.	Reglugerð um innflutning gæludýra og hundasæðis	2330-2340
936	24. nóv.	Reglugerð um bann við veiðum með fiskivörpu á Glettinganesgrunni án smáfiskaskilju	2340-2341
937	24. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002, um friðunarsvæði við Ísland	2341
938	22. nóv.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík	2341
939	19. nóv.	Reglugerð um samninga um þjónustu fasteignasala og sölu- yfirlit	2342-2344
940	22. nóv.	Reglugerð um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	2344-2346
941	19. nóv.	Reglugerð um útibú fasteignasölu	2347-2348
942	24. nóv.	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi	2348
943	12. nóv.	Samþykkt um kattahald í Sveitarfélaginu Álftanesi	2349-2351
944	16. nóv.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 460/2003 um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja	2351-2353
945	8. nóv.	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga	2353-2355
946	17. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts, Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði	2356
947	18. nóv.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 229, 1. mars 2004	2356
948	8. nóv.	Auglýsing um breytingu á auglýsingu nr. 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga	2357-2368
949	17. nóv.	Auglýsing um hættumat fyrir Flateyri	2369
950	19. nóv.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði	2369-2370
951	15. nóv.	Reglur um breytingu (20) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	2370-2372

Framhald á 3. kápusíðu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 144 – 2004

19. nóvember 2004

2321

Nr. 928

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 403/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 403/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti, en í greininni er fjallað um endurúthlutun á tollkvótum, bætist við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: <i>Nautgripakjöt-Vöruliðir 0202 og 0210:</i>				
0202.3xxx Kjöt af dýrum af nautgripa- kyni, fryst	01.12.04 – 30.06.05	16.400	0	547

2. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: <i>Af öndum, gæsnum eða perluháensnum:</i>				
0207.3601 Beinlaust	01.12.04 – 30.06.05	8.000	0	224
0207.3602 Lifur	01.12.04 – 30.06.05	2.000		224
Úr tollnúmeri: <i>Hreindýrakjöt fryst – vöruliður 0208</i>				
0208.9008 Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum	01.01 - 30.06.2005	ótilgr.	0	0

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á hvalaafurðum og rjúpum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0208.4001	Hvalkjöt, fryst	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	0
0208.4002	Hvalaafurðir, ót.a., frystar	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	0
0208.4003	Hvalkjöt og aðrar hvala- afurðir, nýtt eða kælt	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	0
0208.9003	Rjúpur, frystar	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4 gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5 gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tilögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í ≥ 10 kg umbúðum	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	91

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstöku samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Smurostur	01.01.2005 - 31.12.2005	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0702.0001	Tómatar, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, á öðrum tíma	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0703.1001	Laukur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0703.1009	Skalotlaukur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0703.2000	Hvítlaukur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0703.9009	Annað	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0704.2000	Rósakál	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0704.9005	Fóðurmergskál (brassica oleraceaacepjala)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0704.9009	Annað	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0705.1111	Jöklasalat, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat, á öðrum tíma	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0705.2100	Kaffifíflsblöð	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0705.2900	Annað	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0706.9009	Annars	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0707.0011	Gúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0707.0022	Reitagúrkur, á öðrum tíma	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0708.1000	Ertur (Pisum sativum)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0708.2000	Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0708.9000	Aðrir belgávéxtir	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.1000	Jarðartískokka	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.2000	Spergill	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.5200	Tröfflur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.6001	Allrahanda (pimento)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.01.-15.03.05	ótilgr.	0	0
0709.6002	Paprika, 1. nóv. til 15. mars	01.11.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0
0709.6004	Önnur paprika	16.03.-31.10.05	ótilgr.	0	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.7000	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.9001	Sykurmaís	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.9002	Kúrbítur (Courgettes)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.9003	Ólífur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.9004	Steinselja	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0
0709.9009	Annars	01.01.-31.12.05	ótilgr.	0	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0407.0001	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	0
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01 - 31.12.05	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407.0001) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4 gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5 gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Annað:	01.01.-31.12.05			
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: – Tré, runnar og búskar	01.01.-31.12.05			
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Annað:	01.01.-31.12.05			
0602.9045	Græðlingar með rót og ungpöntur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:	01.01.-31.12.05			
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:	01.01.-31.12.05			
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Annað:	01.01.-31.12.05			
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.06.05	3.400	30	0
0602.9099	Annars (pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	Nýtt:				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.05	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0603.1005	Blóm af ættkvíslum brönu-grasa „orchids“	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0603.1006	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.05	175.000	30	0
0603.9000	Annað (þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.05	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgæfnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2005.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 145 – 2004

Nr. 935

2330

18. nóvember 2004

REGLUGERÐ

um innflutning gæludýra og hundasæðis.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja heilbrigði dýra og manna með því að fyrirbyggja að smitsjúkdómar berist til landsins við innflutning á gæludýrum og hundasæði.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirtalin orð og orðasambönd merkingu sem hér segir:

- a) *Innflutningsleyfi*, leyfi til innflutnings á gæludýri eða hundasæði, útgefið af landbúnaðarráðuneytinu.
- b) *Heilbrigðis- og upprunavottorð*, eyðublað útgefið af yfirdýralækni sem dýralæknir í útflutningslandi notar til að staðfesta heilbrigði og uppruna viðkomandi gæludýrs eða hundasæðis.
- c) *Gæludýr* eru hundar, kettir, skrautfiskar, vatnadýr, nagdýr, kanínur og búrfuglar.
- d) *Lönd án hundaæðis*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.
- e) *Lönd með hundaæði*, lönd sem eru skilgreind sem slík af WHO (World Health Organisation) á hverjum tíma.
- f) *Einangrunarstöð* er aðstaða viðurkennd af yfirdýralækni, þar sem hundar og kettir eru vistaðir meðan rannsakað er hvort dýrin eru haldin smitsjúkdómi.
- g) *Sóttkví* er aðstaða, viðurkennd af yfirdýralækni, til einangrunar fiska, vatnadýra, nagdýra, kanína og búrfugla sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr og þar sem dýr eru vistuð meðan rannsakað er hvort þau eru haldin smitsjúkdómi.
- h) *Innflutningsstaður* er flugvöllur sem hefur á að skipa aðstöðu sem uppfyllir skilyrði VII. kafla þessarar reglugerðar og samþykkt hefur verið af yfirdýralækni.
- i) *Sóttvarnaraðstaða* er aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.
- j) *Héraðsdýralæknir* er starfsmaður yfirdýralæknis sem skipaður hefur verið til starfsins eftir ákvæðum reglugerðar um embætti yfirdýralæknis nr. 782/1999.

3. gr.

Innflutningur / innflutningsleyfi.

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra og uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

Innflytjandi skal sækja um innflutningsleyfi til landbúnaðarráðuneytisins á þar til gerðu umsóknareyðublaði.

Innflytjandi skuldbindur sig og staðfestir með undirskrift sinni á umsóknareyðublað að hlíta í hvívetna öllum þeim fyrirmælum sem landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknir setja sem skilyrði til innflutnings og einangrunar.

Innflutningsleyfi fiska og vatnadýra eru háð samþykki fisksjúkdómanefndar, skv. 80. gr. laga nr. 76/1970, um lax og silungsveiði, ásamt síðari breytingum.

Innflutningsleyfi gildir í allt að eitt ári frá útgáfudegi.

4. gr.

Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit o.fl.

Innflytjandi skal sjá til þess að þau vottorð sem krafist er fylgi dýrinu/hundasæðinu við innflutning og ber hann allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. nauðsynlegum sýnatökum, eftirliti og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

5. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð og önnur vottorð vegna innflutnings.

Öllum gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal fylgja heilbrigðis- og upprunavottorð.

Yfirdýralæknir gefur út eyðublöð fyrir heilbrigðis- og upprunavottorð sem nota skal við innflutninginn.

Vottorðið skal vera rétt útfyllt og skal sá dýralæknir, sem útfyllir það og staðfestir með undirritun sinni, hafa starfsleyfi í útflutningslandinu. Vottorðið gildir í 10 daga frá útgáfudegi.

Auk heilbrigðis- og upprunavottorðs, skal gæludýrum og hundasæði sem heimilað hefur verið að flytja til landsins, fylgja eftirtalin vottorð, þar sem við á:

- i) Staðfesting rannsóknarstofu á niðurstöðum blóðrannsóknar á hundaæðismótefnum, skv. 11. og 14. gr.
- ii) Niðurstöður skapgerðarmats, skv. 12. og 15. gr.

6. gr.

Umsögn yfirdýralæknis.

Að minnsta kosti 5 sólarhringum fyrir áætlaðan komudag dýrs eða hundasæðis til landsins skal innflytjandi senda yfirdýralækni, með símbrefi, til umsagnar og samþykktar öll tilskilin vottorð, skv. 5. gr.

Yfirdýralæknir tilkynnir innflytjanda, héraðsdýralækni og viðkomandi einangrunarstöð, ef við á, umsögn sína að minnsta kosti þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komudag.

7. gr.

Innflutningsstaður.

Einungis er heimilt að flytja inn gæludýr og hundasæði til Íslands um innflutningsstað eins og hann er skilgreindur í reglugerð þessari. Yfirdýralæknir skal taka út og samþykkja sóttvarnaraðstöðu á innflutningsstað áður en heimilt er að flytja gæludýr og hundasæði til landsins um innflutningsstaðinn.

Innflutningur á gæludýrum og hundasæði með skipum er óheimill. Yfirdýralæknir setur reglur um gerð flutningsbúra fyrir gæludýr.

8. gr.

Eftirlit á innflutningsstað.

Héraðsdýralæknir skoðar öll dýr við komuna til landsins á innflutningsstað og sannreynir að þau sýni ekki einkenni smitsjúkdóms, hafi innflutningsleyfi og jákvæða umsögn yfirdýralæknis og að frumrit allra tilskilinna vottorða fylgi. Sama gildir um hundasæði eftir því sem við á.

9. gr.

Brottfall innflutningsleyfis.

Komi í ljós að skilyrðum reglugerðar þessarar sé ekki framfylgt í hvívetna fellur innflutningsleyfið samstundis úr gildi og verður dýrið/hundasæðið sent úr landi til sama lands og það kom frá, sé þess kostur, en dýrið aflifað ella og hræinu/hundasæðinu eytt, bótafast og á kostnað eiganda.

II. KAFLI

Innflutningur hunda og katta.

10. gr.

Einangrun.

Eftir að innflytjandi hefur fengið innflutningsleyfi, sbr. 3. gr., skal hann sjálfur panta rými fyrir dýrið í einangrunarstöð. Þegar dagsetning innflutnings leyfis liggur fyrir skal innflytjandi leggja fram staðfestingu frá viðkomandi einangrunarstöð til yfirdýralæknis. Hunda og ketti sem heimilað hefur verið að flytja til landsins og uppfylla skilyrði I. kafla reglugerðar þessarar, skal við komuna til landsins flytja rakkleiðis í einangrunarstöð þar sem dýrin skulu dvelja í 4 vikur.

Í einangrunarstöð skal taka sýni til rannsókna á smitsjúkdómum skv. fyrirmælum yfirdýralæknis hverju sinni.

11. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð hunda og katta.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) *Útflutningsland.*
- 2) *Hundategund/kattategund.*
- 3) *Eigandi/umboðsmaður/innflytjandi:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 4) *Örmerking:* Merkja skal dýrið með örmerki sem uppfyllir FECAVA- eða ISO staðla áður en það er heilbrigðissskoðað, bóluset, sýni tekin eða það meðhöndlað. Merkja má dýrið með öðru örmerki ef eigandi leggur til lesara.
- 5) *Fæðingardagur:* Dýrið skal vera að minnsta kosti fimm mánaða gamalt við komu til landsins.
- 6) *Nafn dýrs.*
- 7) *Smitsjúkdómar:*
 - a) *Heilbrigðissskoðun:* Við heilbrigðissskoðun á síðustu 10 dögum fyrir innflutning má dýrið ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.
 - b) *Bólusetningar:*
 - i) *Bólusetning gegn hundaæði (rabies) – hundar og kettir:*

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda og ketti sem koma frá landi með hundaeði, sbr. e-lið 2. gr., með deyddu bóluefni gegn hundaeði. Dýrin skulu vera að minnsta kosti 12 vikna gömul við fyrstu bólusetningu.

Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Sé það lægra er óheimilt að flytja dýrið til landsins. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EES-svæðinu eða í Bandaríkjunum.

Óheimilt er að flytja hunda og ketti til landsins fyrr en 120 dagar eru liðnir frá því þeir voru fyrst bólusettir gegn hundaeði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml er heimilt að flytja dýrið inn 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.

ii) *Bólusetning gegn leptóspírósu (leptospirosis) – hundar:*

Á síðustu 180 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn leptóspírósu. Hundar skulu fullbólusettir gegn leptóspírósu. Fylgja skal fyrir mælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn leptóspírósu.

iii) *Bólusetning gegn hundafári (canine distemper) – hundar:*

Á síðustu 730 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn hundafári.

Hundar skulu fullbólusettir gegn hundafári. Fylgja skal fyrir mælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn hundafári.

iv) *Aðrar bólusetningar – hundar:*

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:

(1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)

(2) smáveirusótt (parvovirus).

Hundar skulu fullbólusettir gegn lifrabólgu og smáveirusótt. Fylgja skal fyrir mælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.

v) *Aðrar bólusetningar – kettir:*

Á síðustu 365 dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti gegn eftirtöldum þremur sjúkdómum:

(1) kattafári (feline panleukopenia)

(2) kattaflensu (rhinotracheítis)

(3) kattakvefi (*Feline calicivirus*).

Kettir skulu fullbólusettir gegn kattafári/kattaflensu/kattakvefi. Fylgja skal fyrir mælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en 30 dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi.

c) *Rannsóknir:*

i) *Blóðrannsókn vegna brúsellósu (brucellosis) – hundar:*

Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.

- ii) *Blóðrannsókn vegna kattaalnmæmis (Feline immunodeficiency virus) – kettir:*
Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattaalnmæmi.
Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.
 - iii) *Blóðrannsókn vegna kattahvítblæðis (Feline leukemia virus) – kettir:*
Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattahvítblæði.
Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.
 - iv) *Rannsókn vegna salmonellu - hundar og kettir:*
Á síðustu 30 dögum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á *Salmonella*-sýklum.
Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutning sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.
- d) *Meðhöndlun.*
- i) *Meðhöndlun gegn bandormum:*
Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (*Echinococcus multilocularis*, *Echinococcus granulosus*).
 - ii) *Meðhöndlun gegn útvortis sníkjudýrum:*
Á síðustu 10 dögum fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn sníkjudýrum.

12. gr.

Skapgerðarmat.

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfalli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á hundi sem sótt er um leyfi til að flytja inn. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum.

Yfirdýralæknir setur nánari reglur um framkvæmd skapgerðarmats.

13. gr.

Óheimill innflutningur.

Óheimilt er að flytja til landsins:

- a) Hvolpafullar tíkur.
- b) Kettlingafullar læður.
- c) Tíkur með hvolpa á spena.
- d) Læður með kettlinga á spena.
- e) Dýr sem hafa undirgengist aðgerðir fyrir innflutning og þarfnast eftirlits eða eftirmeðferðar af nokkru tagi.
- f) Hunda og sæði hunda af eftirfarandi tegundum, svo og blendinga af þeim:
 1. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
 2. Fila Brasileiro.
 3. Toso Inu.
 4. Dogo Argentino.
 5. Aðrar hundategundir eða blendinga, skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra í hverju tilfalli, að fenginni rökstuddri umsögn yfirdýralæknis.
- g) Blendinga af úlfum og hundum, svo og sæði blendinga af úlfum og hundum.
Komi í ljós við komu dýrs til landsins að ákvæði a-g liðar eigi við um dýr sem komið er á innflutningsstað skal fara eftir ákvæðum 9. gr. þessarar reglugerðar.

III. KAFLI Innflutningur hundasæðis.

14. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð sæðisgjafa.

Innflutningur á djúpfrystu hundasæði í þar til gerðum stráum er heimill að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Óheimilt er að flytja til landsins ófrosið hundasæði.

Um komu hundasæðis til landsins og eftirlit á innflutningsstað fer eftir ákvæðum 6. - 8. gr. reglugerðar þessarar.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- 1) *Útflutningsland.*
- 2) *Innflytjandi:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer innflytjanda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 3) *Eigandi sæðisgjafa eða umboðsmaður:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- 4) *Örmerking:* Sæðisgjafi skal vera örmerktur áður en sæðistaka, bólusetningar og blóðpróf fara fram.
- 5) *Nafn, tegund og fæðingardagur sæðisgjafa.*
- 6) *Dagsetning sæðistöku.*
- 7) *Dýralæknir sem undirritar vottorðið skal hafa tekið sæðið eða verið viðstaddur töku þess.*
- 8) *Smitsjúkdómar:*

a) *Heilbrigðisskoðun:* Við heilbrigðisskoðun við sæðistöku skal sæðisgjafi ekki hafa sýnt nein einkenni smitsjúkdóms.

b) *Bólusetningar:*

i) *Bólusetning gegn hundaæði (rabies):*

Komi sæðið frá landi með hundaæði, sbr. e-lið 2. gr., skal sæðisgjafi bólusettur með deyddu bóluefni á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku, og hafa verið að minnsta kosti 12 vikna gamall við bólusetningu.

Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það vera að minnsta kosti 0,5 a.e./ml. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EES-svæðinu eða í Bandaríkjunum.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 120 daga frá því hann var fyrst bólusettur gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst að minnsta kosti 0,5 a.e./ml, er heimilt að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið er 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.

ii) *Bólusetning gegn leptóspírósu (leptospirosis):*

Á síðustu 180 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa gegn leptóspírósu.

Hundurinn skal fullbólusettur gegn leptóspírósu. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn leptóspírósu.

iii) *Bólusetning gegn hundafári (canine distemper):*

Á síðustu 730 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa gegn hundafári.

Hundurinn skal fullbólusettur gegn hundafári. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bóluefnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn hundafári.

iv) *Aðrar bólusetningar:*

Á síðustu 365 dögum fyrir sæðistöku skal bólusetja sæðisgjafa með deyddu bólu-efni gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:

- (1) smitandi lifrabólgu (hepatitis contagiosa canis)
- (2) smáveirusótt (parvovirus).

Hundurinn skal fullbólusettur gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt. Fylgja skal fyrirmælum framleiðanda viðkomandi bólu-efnis varðandi grunn- og endurbólusetningar.

Óheimilt er að flytja til landsins sæði úr hundi, sem tekið hefur verið innan 30 daga frá því hann var síðast bólusettur gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.

c) *Rannsóknir:*

Blóðrannsókn vegna brúsellósu (Brucellosis):

Á síðustu 30 dögum fyrir sæðistöku skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*.

Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja sæði úr hundinum til landsins.

d) *Náttúruleg pörun:*

Óheimilt er að nota sæðisgjafa í náttúrulega pörun frá því blóðpróf voru tekin og fram að sæðistöku.

15. gr.

Skapgerðarmat sæðisgjafa.

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á sæðisgjafa sem sótt er um leyfi til að flytja inn sæði úr. Hann skal taka mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar og leita álits sérfræðinga eftir þörfum. Yfirdýralæknir setur nánari reglur um framkvæmd skapgerðarmats.

16. gr.

Geymsla og merking sæðis.

Sæði skal geymt í innsigliðum höggþéttum umbúðum sem merkt er númeri örmerkis sæðisgjafa, nafni hans og uppruna.

17. gr.

Sæðing með innfluttu sæði og tilkynningarskylda.

Einungis dýralæknum með starfsleyfi á Íslandi er heimilt að sæða tíkur með innfluttu sæði. Tíkur sem sæddar hafa verið með innfluttu sæði er óheimilt að para á sama gangmáli.

Dýralæknar skulu halda skrá yfir sæðingar með innfluttu hundasæði. Láti tík eða veikist eftir sæðingu eða á meðgöngu skal eigandi tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni. Fóstur og fylgjur eftir fósturlát skal varðveita og þeim komið til héraðsdýralæknis til rannsóknar.

IV. KAFLI

Innflutningur skrautfiska og vatnadýra.

18. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði sbr. 5. gr.:

- a) *Útflutningsland skrautfiskanna/vatnadýranna.*
- b) *Eigandi/innflytjandi skrautfiskanna/vatnadýranna:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.

- c) *Fisktegund/dýrategund.*
- d) *Smitsjúkdómar:* Fiskarnir/vatnadýrin skulu ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms sem borist getur í nytjafisk.

19. gr.

Einangrun.

Skrautfiskum og vatnadýrum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun frá öðrum fiskum og vatnadýrum fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

V. KAFLI

Innflutningur nagdýra og kanína.

20. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði fyrir nagdýr og kanínur sbr.

5. gr.:

- a) *Útflutningsland nagdýrs eða kanínu.*
- b) *Eigandi/innflytjandi:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers eða netfangs ef við á.
- c) *Dýrategund.*
- d) *Smitsjúkdómar:* Dýrið skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
- e) *Salmonella:* Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

21. gr.

Einangrun.

Nagdýrum og kanínum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

VI. KAFLI

Innflutningur búrfugla.

22. gr.

Heilbrigðis- og upprunavottorð.

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorði, sbr. 5. gr.:

- a) *Útflutningsland búrfugls.*
- b) *Eigandi/innflytjandi búrfugls:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer eiganda, auk faxnúmers og netfangs ef við á.
- c) *Fuglategund.*
- d) *Smitsjúkdómar:* Búrfuglinn skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
- e) *Salmonella:* Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á salmonellu. Reynist sýnið jákvætt er óheimilt að flytja búrfuglinn til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.
- f) *Paramyxoviridae:* Á síðustu þremur vikunum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á mótefnum gegn paramyxoveirum (Newcastle disease). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

23. gr.

Einangrun.

Búrfuglum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í einangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning, sjá nánar um sóttkví í reglugerð um einangrunarstöðvar og sóttkvíar fyrir gæludýr.

VII. KAFLI

Aðstaða fyrir dýr á innflutningsstað.

24. gr.

Aðbúnaður.

Á innflutningsstað skal vera sóttvarnaraðstaða til að vista dýr í stuttan tíma við komu þeirra til landsins og þegar um millilendingu er að ræða. Í sóttvarnaraðstöðu skulu vera eitt eða fleiri herbergi, þannig útbúin að dýr geti ekki sloppið út úr þeim. Í því skyni skal vera forstofa framan við hvert herbergi. Bæði dyr inn í forstofuna og í herbergið skulu vera sjálflokandi. Herbergin skulu merkt greinilega þannig að fram komi að um sóttvarnaraðstöðu sé að ræða og að óviðkomandi sé óheimill aðgangur. Yfirborð veggja og gólfs herbergjanna skal vera auðvelt að þrifa en gólf má ekki vera hált. Herbergin skulu vera vel loftræst og skulu dýr hafa aðgang að hreinu vatni. Í hverri forstofu skal vera handlaug, handsápa og pappírþurrkur.

25. gr.

Ábyrgð og verklag.

Ávallt skal skipa einn ábyrgðarmann fyrir sóttvarnaraðstöðu og skal ætíð vera hægt að ná í hann í síma. Tilkynna ber nafn og símanúmer hans til héraðsdýralæknis. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að starfsmaður sé ávallt í aðstöðunni þegar dýr eru vistuð þar.

Dýr skulu flutt rakleiðis í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar sem tollverðir og héraðsdýralæknir skoða dýrið og innflutningsleyfi þess. Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr séu vistuð í sóttvarnaraðstöðu við komu til landsins, þar til þau eru sótt af flutningsaðila sem uppfyllir skilyrði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Dýrum má ekki hleypa út úr búrum sínum fyrr en þau eru komin inn í herbergi í sóttvarnaraðstöðu.

26. gr.

Aðgangur.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að aðeins eftirtöldum aðilum sé leyfður aðgangur að sóttvarnaraðstöðu:

- starfsfólki sóttvarnarstöðvarinnar
- flutningsaðilum
- héraðsdýralækni
- aðilum á vegum yfirvalda svo sem starfsmönnum tollgæslu.

Aðrir aðilar en taldir eru upp hér að ofan þurfa sérstakt skriflegt leyfi héraðsdýralæknis til að fá aðgang að sóttvarnaraðstöðu.

27. gr.

Skráning og fræðsla.

Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allir skrifi nafn sitt, dagsetningu og tíma í hvert sinn sem þeir fara inn og út úr sóttvarnaraðstöðu. Sé viðkomandi ekki starfsmaður, skal hann gefa upp kennitölu sína. Skráningarnar skulu geymdar í 6 mánuði. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að allt starfsfólk fái fræðslu um afleiðingar hundaæðis og varnir gegn smiti. Starfsfólk skal einnig uppfært um þær reglur sem gilda ef hundur strýkur úr einangrun og ef óviðkomandi fólk fer inn í sóttvarnaraðstöðu.

28. gr.

Tilkynningarskylda.

Ábyrgðaraðili skal tilkynna héraðsdýralækni um bit og klór dýra í sóttvarnaraðstöðu og tryggja að sá sem er bitinn eða klóraður fái lækniástoð.

Týnist dýr eða strjúki skal ábyrgðaraðili gera héraðsdýralækni viðvart, án tafar.

29. gr.

Hreinlæti.

Ábyrgðaraðili skal tryggja að allt starfsfólk klæðist hlífðarfatnaði þegar það er inni í sóttvarnaraðstöðu. Hlífðarfatnaðurinn skal skilinn eftir í forstofu herbergjanna og ávallt skal fyllsta hreinlætis gætt.

Sóttvarnaraðstöðu skal ávallt haldið hreinni og snyrtilegri. Aðstaðan skal þrífín og sótt-hreinsuð strax eftir að dýr hafa verið sótt, sem og öll tæki og tól sem notuð hafa verið. Búr sem dýrin koma í skulu geymd inni í herbergjunum á meðan dýrin eru vistuð þar.

30. gr.

Meðferð úrgangs.

Allur úrgangur skal meðhöndlaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

31. gr.

Afhending dýra.

Hafi dýrin verið flutt inn á löglegan hátt er heimilt að afhenda þau til flutningsaðila sem leyfi hefur til flutnings dýra á einangrunarstöð, sbr. ákvæði reglugerðar um einangrunarstöðvar.

Hafi dýr verið flutt inn á ólöglegan hátt skal yfirdýralækni gert viðvart og með málið farið samkvæmt ákvæðum laga um innflutning dýra nr. 54/1990, ásamt síðari breytingum.

32. gr.

Samgangur dýra.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að dýr sem vistað er í sóttvarnaraðstöðu komist ekki í snertingu við önnur dýr, að undanskildum þeim sem það var flutt með til landsins sé því að skipta.

VIII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

33. gr.

Framlenging einangrunar.

Ef upp koma grunsemdir um að dýr sem dvelur í einangrun sé haldið smitsjúkdómi, er yfirdýralækni heimilt að ákveða að dýr verði vistað lengur en í 4 vikur í einangrunarstöð, sbr. 2. mgr. 10. gr., uns fullljóst er hvort dýrið sé hæft til innflutnings eður ei og ber eigandi dýrsins allan kostnað sem af áframhaldandi einangrun kann að hljóttast.

34. gr.

Frávik.

Yfirdýralækni er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 6., 11. og 14. gr. reglugerðar þessarar undir sérstökum kringumstæðum, ef fagleg rök mæla með því. Akvarðanir um slíkar undanþágur skulu tilkynntar til landbúnaðarráðuneytisins eftir því sem ástæða er til.

35. gr.

Gjaldtaka.

Gjaldtaka vegna kostnaðar við vinnu og eftirlit yfirdýralæknis vegna útgáfu vottorða skv. reglugerð þessari, vegna eftirlits héraðsdýralæknis á innflutningsstað og í einangrunarstöð fer eftir gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

36. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum reglugerðarinnar varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir ákvæðum laga. Hinn brotlegi ber allan kostnað vegna brots og getur honum m.a. verið gert að þola bótafast að dýri eða hundasæði sé fargað eða sent úr landi á hans kostnað.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerðinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 431/2003 um sama efni. Innflutningsleyfi sem veitt hafa verið skv. eldri reglugerð halda gildi sínu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um bann við veiðum með fiskivörpu á Glettinganesgrunni án smáfiskaskilju.**

1. gr.

Frá og með 25. nóvember 2004 eru veiðar með fiskivörpu á svæði á Glettinganesgrunni því aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 805, 28. október 2003, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 34'00 N – 13° 09'20 V
2. 65° 34'00 N – 12° 51'30 V
3. 65° 31'00 N – 11° 54'40 V
4. 65° 27'90 N – 11° 51'30 V
5. 65° 22'30 N – 13° 05'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Stefán Ásmundsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 809, 20. nóvember 2002,
um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi 8. tl. 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 25. nóvember 2004.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. nóvember 2004.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Stefán Ásmundsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Steinagerði 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Steinagerði 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skútuvogur 14-16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 10. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skútuvog 14-16.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. nóvember 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 146 – 2004

Nr. 939

2342

19. nóvember 2004

REGLUGERÐ

um samninga um þjónustu fasteignasala og söluþfirlit.

I. KAFLI

Samningur um söluþjónustu.

1. gr.

Orðskýringar.

Reglugerð þessi gildir um samninga um þjónustu þeirra, sem hafa milligöngu um kaup, sölu, skipti eða gjafir á fasteignum, fyrirtækjum og skipum. Þeir sem hafa löggildingu til þessara starfa eru í reglugerðinni nefndir fasteignasalar. Þegar fjallað er um milligöngu um fasteignaviðskipti, fasteignasölu eða fasteignakaup er einnig átt við sams konar milligöngu um eigendaskipti að fyrirtækjum og skipum, nema annað sé tekið fram. Þegar notað er orðið eign er átt við fasteign, fyrirtæki og skip, nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Samningur um þjónustu.

Þegar óskað er milligöngu fasteignasala, sem fellur undir 1. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, skal hann hafa frumkvæði að því að gera skriflegan samning við þann er til hans leitar um þjónustuna.

Þegar óskað er annarrar þjónustu fasteignasala, sem tengist fasteignaviðskiptum, skal einnig gerður um það skriflegur samningur.

Samningurinn skal gerður og undirritaður, áður en fasteignasali tekur til við starfann.

Í samningi skal tilgreint með glöggum og tæmandi hætti hvaða verkefnum fasteignasali eigi að sinna, hver þóknun hans sé, eða hvernig hún skuli ákveðin og hvaða útlagða kostnað sá, er þjónustu óskar, skal greiða.

3. gr.

Tilgreining einkasöluréttar.

Ef samið er um að fasteignasali skuli einn hafa rétt til sölu eignar skal það tilgreint sérstaklega, svo og sá tími sem einkarétti hans er ætlað að vara. Sérstaklega skal tilgreint hvort og þá hvernig einkasölurétturinn hefur áhrif á þóknun fasteignasalans.

II. KAFLI Söluþfirlit.

4. gr.

Skylda til að gera söluþfirlit.

Skylt er fasteignasala að gera söluþfirlit samkvæmt reglugerð þessari strax og hann fær eign til sölumeðferðar.

Nú er fasteignasala falið að ganga frá kaupþilboði, kaupsamningi eða annarri skjalagerð um eign og skal hann þá einnig semja söluþfirlit samkvæmt reglugerð þessari, nema fasteign sé til sölumeðferðar hjá öðrum fasteignasala og söluþfirlit hafi verið gert af því tilefni og sannanlega afhent þeim er leitar til fasteignasala.

5. gr.

Vinnubrögð, nafnmerking o.fl.

Fasteignasali skal vanda undirbúning og gerð söluþfirlits. Hann skal gera seljanda grein fyrir þýðingu söluþfirlits og hverju það geti varðað hann ef réttar og fullnægjandi upplýsingar koma þar ekki fram. Hann skal gæta þess að söluþfirlit sé svo úr garði gert að kaupandi geti með vissu reitt sig á þær upplýsingar sem þar koma fram.

Fasteignasali skal láta nafn sitt koma fram á söluþfirliti og að hann hafi samið það. Fasteignasali, sem er forstöðumaður útibús og er í starfi hjá öðrum fasteignasala eða félagi um rekstur fasteignasölu, skal einnig láta nafn sitt koma fram á söluþfirliti, sem gert er á vegum útibúsins.

Fasteignasali, sem gerir söluþfirlit, skal þegar er það hefur verið gert, afla undirskriftar seljanda á yfirlýsingu á söluþfirlitinu um að efni þess sé rétt samkvæmt bestu vitund hans.

6. gr.

Skylda til að kynna og afhenda söluþfirlit.

Fasteignasali sem hefur eign til sölumeðferðar eða er falið að vinna að skjalagerð vegna fasteignaviðskipta skal afhenda þeim, er hyggst gera tilboð í eign, söluþfirlit áður en tilboð er gert.

Fasteignasali skal afla skriflegrar og dagsettrar staðfestingar þess, er hyggst gera tilboð, á móttöku söluþfirlits.

7. gr.

Upplýsingaöflun vegna söluþfirlits.

Fasteignasali skal sjálfur afla upplýsinga, sem fram eiga að koma í söluþfirliti. Hann skal sækja upplýsingar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er, en ástand fasteignar, gerð hennar og búnað, sem fylgja á við sölu, skal hann kynna sér af eigin raun. Hann skal einnig afla upplýsinga um ástand fasteignar, hugsanlega ágalla á henni, gerð hennar og búnað hjá seljanda og bera saman við mat hans á fasteigninni, sem hann reisir á eigin skoðun á henni.

Nú sýnir fasteignasali af sér gáleysi sem veldur því að upplýsingar í söluþfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi og tjón verður af og ber hann þá skaðabótaábyrgð á tjóninu.

Upplýsingaskylda seljanda til fasteignasala samkvæmt reglugerð þessari og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er óháð skyldu hans til að veita væntanlegum kaupanda upplýsingar samkvæmt lögum um fasteignakaup. Fasteignasali skal einnig rækja upplýsingaskyldu sína í söluþfirliti sjálfstætt og óháð þeim upplýsingum, sem seljandi kann að veita kaupanda fasteignar.

8. gr.

Efni söluþfirlits.

Fasteignasali skal gæta þess vandlega að á söluþfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana.

Í söluþfirliti skulu auk almennrar lýsingar á fasteign m.a. koma fram þau atriði, sem tilgreind eru í a til j lið 2. mgr. 11. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

9. gr.

Gildistaka og brottfall eldri reglugerðar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í a lið 26. gr. laga nr. 99 frá 9. júní 2004, um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 93 frá 16. febrúar 1998 um samninga um söluþjónustu fasteignasala og söluþfirlit.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um tryggingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.

1. gr.

Orðskýringar.

Með orðinu fasteignasali í reglugerð þessari er átt við þá, sem fengið hafa löggildingu til að hafa milligöngu um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Með fasteignakaupum, fasteignasölu og fasteignaviðskiptum er einnig átt við sömu ráðstafanir með fyrirtæki og skip.

2. gr.

Tryggingarskylda.

Fasteignasali, er skyldur til þess að hafa í gildi tryggingu fyrir greiðslu bóta og kostnaðar vegna tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af völdum hans eða manna, sem ráðnir eru til starfa hjá honum.

3. gr.

Tjón sem trygging skal bæta ofl.

Trygging samkvæmt 2. gr. skal vera ábyrgðartrygging vegna fjártjóns, er leiðir af gáleysi í störfum fasteignasala eða þeirra, sem ráðnir eru til starfa hjá honum.

Ábyrgðartryggingin skal einnig taka til tjóns sem ákvæði 3. málsl. 27. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99/2004, tekur til. Tjón samkvæmt ákvæðinu felst í því, að fasteignasali, sem fengið hefur greitt fyrir að hafa milligöngu um fasteignaviðskipti, hættir

störfum og á ólokið frágangi samninga, skjala eða uppgjóri vegna viðskiptanna, sem hann þó hefur fengið greitt fyrir. Tjón viðskiptamanna samkvæmt þessu ákvæði takmarkast við þann kostnað, sem þeir hafa greitt fyrir störf, sem óunnin eru, þegar fasteignasali hættir störfum.

Ábyrgðartrygging skal tekin hjá vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, en ráðherra getur fallist á aðra tryggingu jafngilda, enda veiti hún sambærilega vernd.

Ef fasteignasali stundar samhliða fasteignasölu lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur telst hann hafa með því fullnægt tryggingarskyldu sinni sem fasteignasali samkvæmt reglugerð þessari, enda taki tryggingin líka til tjóns, sem hann, eða þeir sem ráðnir eru til starfa hjá honum, kunna að valda í starfi sínu við fasteignasölu. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksvátryggingarfjárhæð sem hæst er.

4. gr.

Tryggingarfjárhæðir.

Tryggingin skal nema minnst 6.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingarárs skal nema minnst 19.500.000 kr.

Vegna ábyrgðar þeirra, sem greinir í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar, skulu þó tryggingarfjárhæðir nema minnst 1.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar, en heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingarárs skal vera 5.000.000 kr.

Tryggingarfjárhæðir skulu breytast 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. október 2005, til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölunni 235,6.

Nú starfa tveir eða fleiri fasteignasalar saman og bera óskipta ábyrgð á störfum hvors eða hvers annars og fullnægja þeir þá tryggingaskyldu sinni með því að taka sameiginlega tryggingu og skulu þá tryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. hækka um 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

Fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. skulu hækka um 10% fyrir hvern starfsmann fasteignasala eða á fasteignasölu, sé hún rekin af félagi. Gildir það, hvort sem um fullt starf eða hlutastarf er að ræða. Nú hefur einhver starfsmanna löggildingu til fasteignasölu og þar með tryggingu samkvæmt reglugerð þessari, og skulu þá tryggingarfjárhæðir í 1. og 2. mgr. ekki hækka vegna hans.

5. gr.

Landfræðilegt gildissvið tryggingar.

Trygging samkvæmt 3. gr. skal taka til starfsemi fasteignasala hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

6. gr.

Gildissvið. Tilkynning til vátryggingafélags.

Ábyrgðartrygging skal taka til allra tjónsatvika, sem verða á vátryggingartímanum enda hafi bótakrafa verið tilkynnt vátryggingafélagi í síðasta lagi 12 mánuðum eftir lok vátryggingartímans. Ábyrgðartrygging tekur einnig til tjóns, sem viðskiptamenn fasteignasala verða fyrir, ef hann hættir störfum og á ólokið frágangi samninga, skjala eða uppgjors vegna viðskipta, sem þeir hafa greitt fyrir. Sama gildir um aðra tryggingu, sem ráðherra hefur samþykkt.

7. gr.

Eigin áhætta.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu tryggingartaka í tryggingarskilmálum, en slíkt má ekki

skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags, eða annars sem veitt hefur tryggingu.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingarskilmálum, eða skilmálum annarrar tryggingar. Um hana og tilgreiningu hennar fer að öðru leyti samkvæmt þeim reglum, sem gilda um váttryggingarsamninga.

8. gr.

Brottfall tryggingar.

Falli trygging úr gildi, skal sá er hana veitti, tilkynna það tryggingartaka og eftirlitsnefnd Félags fasteignasala þegar í stað. Gildistíma tryggingarinnar lýkur ekki fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að slík tilkynning var send með sannanlegum hætti. Að þeim tíma liðnum telst löggilding fasteignasala fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett, enda hafi fasteignasala verið gefinn kostur á að tjá sig um niðurfellingu löggildingar.

9. gr.

Endurkröfuréttur.

Sá er veitt hefur tryggingu og greitt bætur á endurkröfurétt á hendur þeim, sem valdið hefur tjóni ef hann hefur valdið því með háttsemi, sem telst stórkostlegt gáleysi.

10. gr.

Kynning tryggingarskilmála.

Allir tryggingarskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu kunngerðir dómsmálaráðuneyti og fjármálaeftirliti áður en þeir eru boðnir fasteignasölum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í c lið 26. gr. laga um sölu fasteigna fyrirtækja og skipa, nr. 99 frá 9. júní 2004, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 613/1997, sbr. reglugerð nr. 754/1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Trygging sem fasteignasali hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu til 1. janúar 2005. Frá þeim degi skulu skilmálar trygginga fasteignasala vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skal fasteignasali afhenda eftirlitsnefnd Félags fasteignasala skilríki því til staðfestingar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um útibú fasteignasölu.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðskýringar.

Með orðinu fasteignasali í reglugerð þessari er einnig átt við þá sem annast sölu fyrir-tækja og skipa.

Með orðunum fasteignasölu, kaup eða sölu fasteigna eða önnur viðskipti með fasteignir, er í reglugerðinni einnig átt við sölu eða önnur viðskipti með fyrirtæki og skip.

Útibú fasteignasölu merkir í reglugerð þessari að fasteignasali, sem rekur fasteignasölu í eigin nafni eða í nafni félags, sem hann á meirihluta í, og hefur þar sjálfur starfsstöð, hafi opna aðra starfsstöð sem veitt sé forstaða af öðrum fasteignasala, sem ráðinn er til starfa hjá þeim fyrrnefnda. Það er áskilið að útibúið sé starfsstöð hins ráðna fasteignasala, það og aðal-skrifstofan sé ein rekstrar- og reikningsleg eining með sama eignarhaldi og aðalskrifstofan beri fulla ábyrgð á skuldbindingum útibúsins og rekstri.

II. KAFLI.

Útibú fasteignasölu.

2. gr.

Heimild til reksturs útibús.

Fasteignasala, sem rekur fasteignasölu sjálfur, eða í nafni félags, sem hann á meirihluta í, er heimilt að stofna og reka útibú.

Ekki er heimilt að stofna eða reka útibú í öðrum skilningi en greinir í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Forstaða útibús.

Ekki er heimilt að stofna og reka útibú, nema fasteignasali, sem ráðinn er til starfa hjá þeim fasteignasala eða því félagi, sem rekur aðalskrifstofu fasteignasölu, hafi þar starfsstöð og veiti útibúi forstöðu.

Forstaða útibús felur í sér skyldu til þess að hafa þar starfsstöð og fara með faglega stjórn á fasteignaviðskiptum, sem fram fara fyrir milligöngu útibúsins. Forstöðumaður ber ábyrgð á verkum sínum samkvæmt II. kafla laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, en sé hann starfsmaður fasteignasala og ekki eigandi að rekstrinum ber hann ekki vinnuveit-andaábyrgð á öðrum starfsmönnum útibús.

4. gr.

Réttarstaða viðskiptamanns útibús.

Sá er skiptir við útibú skal njóta að öllu leyti sama öryggis og sömu ábyrgðar og sá er skiptir við aðalskrifstofu.

5. gr.

Skjalagerð.

Skjöl, sem gerð eru í útibúi vegna viðskipta með fasteignir, skulu merkt fasteignasala, sem fer með eignarhald á fasteignasölu. Forstöðumaður skal einnig tilgreina nafn sitt á þeim skjölum sem samin eru í útibúi.

6. gr.

Tilkynning um starfsstöð og útibú.

Fasteignasali, sem hyggst hefja starfsemi útibús, skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala og ráðherra um stofnun slíks útibús og tilhögun á rekstri þess, áður en útibúið tekur til starfa. Þegar lýst er tilhögun á rekstri skal m.a. tekið fram, hvernig eignarhaldi sé háttað, hvar útibúið sé til húsa, hver veiti útibúi forstöðu, hvaða starfsmenn vinni þar og hvernig váttryggingarskylda sé af hendi leyst.

Fasteignasali sá, sem fer með forstöðu útibús og hefur þar starfsstöð, skal tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala um starfsstöð hans og að hann fari með forstöðu útibús.

7. gr.

Annað starfsfólk útibús.

Aðrir sem starfa í útibúi skulu ráðnir til starfa hjá fasteignasala þeim sem á og rekur aðalskrifstofu, sem útibúið er hluti af. Þeir falla undir starfsábyrgðartryggingu hans og ber hann ábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda viðskiptamönnum útibús eða öðrum í störfum sínum.

IV. KAFLI.

Gildistaka o.fl.

8. gr.

Reglugerðarheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í d lið 26. gr. laga nr. 99 frá 9. júní 2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.**

Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Esjubrautar 47.

Breytingin felst í því að á lóðinni Esjubraut 47 verður heimilt að staðsetja lagerbyggingu alveg að lóðarmörkum Kalmansvalla 2.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 24. nóvember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 147 – 2004

12. nóvember 2004

2349

Nr. 943

SAMÞYKKT

um kattahald í Sveitarfélaginu Álftanesi.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að umráðamenn katta fari vel með ketti sína, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi, valdi ekki nágrönnum óþægindum eða tjóni og til verndar viðkvæmu og fjölbreytilegu fuglalífi í sveitarfélaginu.

2. gr.

Samþykktin gildir í Sveitarfélaginu Álftanesi og sætir kattahald þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

3. gr.

Foreldrar eða forráðamenn eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

5. gr.

Um kattahald í fjölbýlishúsum vísast að öðru leyti til ákvæða laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

6. gr.

Séu fleiri en 5 kettir á sama heimili gilda ákvæði fylgiskjals 1, í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 um starfsleyfisskylda starfsemi.

II. KAFLI

Meginreglur.

7. gr.

Vernda skal viðkvæmt fuglalíf Álftaness og draga úr óþægindum sem íbúar kunna að verða fyrir vegna kattahalds.

8. gr.

Umráðmenn katta skulu halda þá þannig að kettir þeirra verði ekki á flækingi utan dyra frá kl. 24 að nóttu til kl. 7 að morgni.

9. gr.

Umráðamanni kattar ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma frá 1. maí til 31. ágúst, með því að hengja bjöllu á kött sinn og eftir atvikum að takmarka útiveru kattarins fram yfir það sem fram kemur í 8. gr. ef ástæða er til.

10. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það.

12. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að hreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Umráðamanni er skylt að geyma hreinsunartorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

13. gr.

Umráðamaður skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

14. gr.

Umráðamanni er skylt að sjá til þess að vel verði farið með kött hans sbr. ákvæði dýraverndarlaga nr. 15/1994.

III. KAFLI

Merking katta og flækingskettir.

15. gr.

Kött sem hleypt er út úr húsi skal merkja með örmerki undir húð á miðjum herðakambi eða húðflúri á hægri eyra samkvæmt reglum sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis setur.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd gerir ráðstafanir til að fækka flækingsköttum, enda skal það auglýst tryggilega. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti. Merktur köttur sem fangaður er þannig á tímabilinu kl. 24 til kl. 7 skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarið ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað.

IV. KAFLI

Þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

17. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI
Lagastoð, gildistaka o.fl.
18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Álftaness staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 12. nóvember 2004.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ
um (2.) breytingu á reglugerð nr. 460/2003
um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo:

Innkaup sjúkratryggðra hverju sinni skulu aldrei vera meiri en sem nemur þriggja mánaða notkun. Tryggingastofnun ríkisins getur afturkallað áður útgefið skírteini ef eigandi þess notar það til að taka út vörumagn sem er í ósamræmi við það stig sjúkdóms eða fötlunar sem er forsenda útgáfu skírteinisins.

2. gr.

Í 2. másl. 7. gr. komi í stað orðanna „4. mgr. 3. gr.“ orðin „5. mgr. 3. gr.“.

3. gr.

Við reglugerðina bætist „Ákvæði til bráðabirgða“ sem orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út ný skírteini vegna efna til blóðsykursmælinga (blóðstrimla), sbr. 2. mgr. 4. gr. og flokk 0424 í fylgiskjali með reglugerð þessari, að fenginni staðfestingu læknis á flokkun sykursýki hjá sjúkratryggðum einstaklingi. Skírteini vegna efna til blóðsykursmælinga sem gefin hafa verið út fyrir 1. desember 2004 falla úr gildi 1. febrúar 2005.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu „Hjálpartæki frá Tryggingastofnun ríkisins“ með reglugerðinni:

Í flokknum **04 Hjálpartæki til meðferðar og þjálfunar** verða eftirfarandi breytingar:

a. Flokkurinn **0424 Búnaður (tæki og efni) til mælinga (efnamælinga)** orðast svo:

Einnota rannsóknarbúnaður er greiddur 90% fyrir börn og unglunga og lífeyrisþega en 80% fyrir aðra þó með hámarki fyrir efni til blóðsykursmælinga (blóðstrimla) og blóðsykursmæla. Eftirtaldir sjúkratryggðir einstaklingar eiga rétt á greiðsluþátttöku í blóðstrimlum:

a) Þeir sem eru með sykursýki I; b) þeir sem eru með sykursýki II og nota insúlín eða insúlín og lyf í töfluformi sem geta valdið blóðsykursfalli eða eru með meðgöngusykursýki geta fengið að hámarki 1100 blóðstrimla á 12 mánaða tímabili (22 pakkningar); c) þeir sem eru með sykursýki II og nota lyf í töfluformi sem geta valdið blóðsykursfalli og svo þeir sem nota lyf í töfluformi sem ekki valda blóðsykursfalli en vegna læknisfræðilegra röksemda þurfa að mæla blóðsykur geta fengið að hámarki 300 blóðstrimla á 12 mánaða tímabili (6 pakkningar). Blóðstrimlar samkvæmt framangreindu eru samþykktir 90% fyrir börn, unglunga og lífeyrisþega og er hámark greiðslu fyrir pakkningu (50 stk.) kr. 3.825, en 80% fyrir aðra og er hámark greiðslu kr. 3.400. Mælar til blóðsykursmælinga eru greiddir 50%, hámark kr. 7.000. Blóðsykursmælar eru að jafnaði greiddir á þriggja ára fresti. Veitt er hjálpartækjaskírteini fyrir samþykktum einnota vörum og þarf að framvísa því við kaup. Lífeyrisþegar þurfa auk þess að framvísa viðeigandi skírteini/skiloríkjum.

04 24 03 Efni til þvagmælinga (þvagstrimlar) 80/90%

04 24 12 Efni til blóðsykursmælinga (blóðstrimlar) 80/90% m/ákv. hámarki, sbr. framangreint

04 24 90 Mælar til blóðsykursmælinga 50% m/ákv. hámarki, sbr. framangreint

b. Við flokkinn **0448 Hreyfi-, kraft- og jafnvægistæki** bætist á eftir flokknum 044806 nýr flokkur sem orðast svo:

04 48 90 Fylgihlutir við standgrindur og standbretti 100%

Í flokknum **06 Stoðtæki (spelkur, gervilimir og bæklunarskór) og gervihlutar aðrir en gervilimir** verða eftirfarandi breytingar:

a. Í síðasta másl. 3. mgr. í flokknum **0603 Hryggspelkur** falla brott á eftir orðunum „Að öðru leyti eru hryggspelkur greiddar 70%,“ orðin „sbr. t.d vegna krabbameins, lamana og hrömunarsjúkdóma.“

b. Flokkurinn **0630 Gervihlutar aðrir en gervilimir** orðast svo:

Hárkollur: TR veitir styrk til kaupa á hárkollum og eða sérsniðnum höfuðfötum, gerviauga-brúnum, augnhárum, þegar um er að ræða varanlegt hárleysi, hárleysi vegna krabbameins-meðferðar eða innkiirtlameðferðar eða útbreiddan langvarandi blettaskalla (í meira en eitt ár). Styrkur er hámark kr. 43.000 á ári, óháð hvort um er að ræða hárkollur, sérsniðin höfuðföt, gerviaugabrúnir eða augnhár. Styrkur til kaupa á hárkollu er ekki veittur þegar um venjulegan karlmannaskalla er að ræða. Styrkurinn er veittur til eins eða tveggja ára í senn eftir eðli vandans.

Gervibrjóst: TR veitir styrk til kaupa á gervibrjóstum og eða sérstökum brjóstahöldum fyrir gervibrjóst vegna brjóstmissis kvenna. Styrkur er hámark kr. 43.000 á ári vegna missis annars brjósts og hámark kr. 86.000 á ári vegna missis beggja brjósta. Styrkurinn er veittur til eins eða tveggja ára í senn eftir eðli vandans.

Gerviandlitshlutar (inn í góm) sem gerðir eru utan sjúkrahúsa vegna krabbameins, klofins góms eða sambærilegra tilvika, s.s. slysa, falla einnig undir gerviandlitshluta.

06 30 03 Hárkollur og eða sérsniðin höfuðföt, gerviaugnabrúnir, augnhár 100% að hámarki kr. 43.000 á ári, sbr. framangreint

06 30 18 Gervibrjóst og eða sérstakir brjóstahaldarar fyrir gervibrjóst 100% að hámarki kr. 43.000 / kr. 86.000 á ári, sbr. framangreint

06 03 24 Gervieyru 100%

06 03 27 Gervinef 100%

06 03 30 Gerviandlitshlutar (utan á eða innanvert í andlit) 100%

Í flokknum **09 Hjálpartæki við persónulega aðhlyningu og fatnaður** verða eftirfarandi breytingar:

a. Flokkur 09 03 48 fellur brott.

b. Flokkurinn **0931 Hjálpartæki vegna hægðaleka** orðast svo:

TR er heimilt að greiða endaparmstappa til þeirra sem eiga við hægðaleka að stríða vegna alvarlegs skaða í miðtaugakerfi (s.s. mænuskaða vegna klofins hryggjar) eða annars sambærilegs alvarlegs sjúkdómsástands. Greiðsluþátttakan nær einungis til þeirra er stunda sund í hæfingarskyni þegar það er ótvíræður kostur að sundþjálfun sé stundað vegna viðkomandi fötlunar og eða þeirra sem nauðsynlega þurfa slíkan búnað til að geta stundað vinnu sína. TR greiðir 90%, þó að hámarki kr. 800 pr. stk. Miðað er við hámark 250 stk. á ári.

TR greiðir endaparmsrör að fullu vegna alvarlegs og langvarandi vandamáls við hægðalosun. Veitt á grundvelli hjálpartækjaskírteinis til 1, 5 eða 10 ára í senn, þó að hámarki kr. 1.600 pr. stk. Miðað er við hámark 7 stk. á ári.

09 31 06 Endaparmstappar 90% að hámarki kr. 800 pr. stk.

09 31 90 Endaparmsrör (rectalrör) 100% að hámarki kr. 1.600 pr. stk.

Í flokknum **18 Húsbúnaður** verður eftirfarandi breyting:

Í flokknum 18 18 90 fellur orðið „handföngum“ brott.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr., sbr. a-lið 1. mgr., 33. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. nóvember 2004.

F. h. r.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 414/2001 um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

a. Undir aðalsjóði bætist við málaflokkurinn 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.

b. 5. mgr. orðast svo:

Um samantekin reikningsskil a og b hluta sveitarfélaga vísast til laga um ársreikninga, nr. 144/1994, með síðari breytingum, og reglugerðar, nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. Við bætist málaflokkur 22 Breyting lífeyrisskuldbindinga.

- b. Undir málaflokki 02 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 02-41 Framlag til dvalar- og hjúkrunarheimila
 - 02-42 Heimþjónusta
 - 02-43 Tömstundastarf
 - 02-49 Annað
 - 02-51 Liðveisla
 - 02-52 Heimþjónusta
 - 02-53 Ferðaþjónusta
 - 02-59 Annað
 - 02-61 Áfengis- og vímuvarnir
 - 02-69 Annað
- c. Undir málaflokki 03 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 03-21 Heilsugæslustöðvar
 - 03-22 Heilbrigðiseftirlit
 - 03-29 Annað
- d. Undir málaflokki 04 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 04-58 Styrkir til kennara
- e. Undir málaflokki 06 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 06-26 Sumarnámskeið
- f. Undir málaflokki 10 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 10-51 Götulýsing
 - 10-59 Annað
- g. Undir málaflokki 11 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 11-31 Skógræktarsvæði
 - 11-39 Annað
- h. Undir málaflokki 20 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 20-41 Félagslegt íbúðarhúsnæði
 - 20-49 Annað íbúðarhúsnæði
- i. Undir málaflokki 28 bætast við eftirfarandi rekstrareiningar:
 - 28-04 Gengismunur
 - 28-14 Gengismunur
 - 28-15 Fjármagnstekjuskattur.

3. gr.

3. gr. verður svohljóðandi:

Sú lágmarkstegund sem sveitarfélög skulu nota í bókhaldi og reikningsskilum sínum er skipt í eftirfarandi sjö höfuðtegundir:

0. Tekjur
1. Laun og launatengd gjöld
2. Breyting lífeyrisskuldbindinga
3. Annar rekstrarkostnaður
4. Afskriftir
5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld
6. Annað

Eftirfarandi höfuðtegundum skal síðan að lágmarki skipt niður í nokkrar undirtegundir, sbr. neðangreinda liði. Auk þess skulu sveitarfélög geta leitt fram með auðveldum hætti upplýsingar um viðskipti (innri tekjur og gjöld) milli einstakra rekstrareininga innan a-hluta sveitarsjóðs. Sveitarfélög eru ekki bundin af þeim númeralykli sem hér er tilgreindur en ráðu-

neytið og aðrir opinberir aðilar munu nota hann í úrvinnslu sinni á reikningsskilum sveitarfélaga:

Einstakar höfuðtegundir og undirtegundir

0 Tekjur

Á tegundagreininguna færast allar tekjur sveitarfélagsins. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 00 Skatttekjur
- 01 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- 02 Þjónustutekjur
- 03 Eignatekjur
- 04 Tekjur með skattaígildi
- 05 Vörur og þjónusta til eigin nota (milliviðskipti rekstrareininga)
- 06 Endurgreiðslur og tilfærslur
 - 061 Endurgreiðslur annarra sveitarfélaga
 - 062 Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs
 - 063 Aðrar endurgreiðslur
- 07 Aðrar tekjur

1 Laun og launatengd gjöld

Á tegundagreininguna færast öll laun, launatengd gjöld, launaígildi og annar starfsmannatengdur kostnaður hjá sveitarfélaginu. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir í fjárhagsbókhalda er eftirfarandi:

- 10 Laun
- 11 Áfallinn launakostnaður
- 12 Launaígildi
- 13 Launatengd gjöld
- 14 Annar starfsmannatengdur kostnaður

4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tegundagreininguna færast fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sveitarfélagsins. Lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 40 Vaxta- og verðbótatekjur
- 41 Vaxta- og verðbóttagjöld
- 42 Tekjur af eignarhlutum
- 43 Gengismunur
- 44 Fjármagnstekjuskattur
- 45 Annað.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. nóvember 2004.

Árni Magnússon.

Lárus Bollason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts, Hvaleyrarskóli í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 7. september 2004 breytingu á deiliskipulagi við Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur Hvaleyrarskóla stækkar um 5 m til norðvesturs og jafnframt er gert ráð fyrir byggingarreit sunnan við skólann fyrir færanlegar kennslustofur. Farið var með breytinguna samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. nóvember 2004.

F.h. umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 229, 1. mars 2004.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi við birtingu:

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	250,00	+	14% vsk
b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra	41,00	+	14% vsk
c) Vantsgjald fyrir hvern rúmmetra til snjóbræðslu	41,00	+	24,5% vsk
d) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til iðnaðar	41,00	+	24,5% vsk
e) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til sundlauga	19,50	+	14% vsk

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 790/2001 um reikningsskil sveitarfélaga.

1. gr.

Framlög vegna fráveituframkvæmda.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Í fráveitufyrirtæki skal færa ríkisframlög vegna fráveituframkvæmda til lækkunar á kostnaðarverði viðkomandi framkvæmdar.

2. gr.

Form ársreiknings og fjárhagsáætlunar.

Viðaukar 1 – 6 verði í samræmi við viðauka A, B, C, D, E, F, G, H, I, J og K.

3. gr.

Fjárhagsáætlun.

2. mgr. 12. gr. í IV. kafla verður svohljóðandi:

Samhliða gerð fjárhagsáætlunar skulu sveitarfélög sundurliða áætlaðan rekstur sinn niður á málaflokka, sbr. viðauka 5.

4. gr.

Þriggja ára áætlun.

Við bætist 13. gr. í IV. kafla svohljóðandi:

Form þriggja ára áætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings, sbr. reglugerð nr. 944/2000. Þriggja ára áætlun skal sett fram á því formi sem sýnt er í viðaukum 1-4, án sam-
anburðar.

Þriggja ára áætlun skal vera á sama verðlagi og fjárhagsáætlun skv. 12. gr.

Samhliða gerð þriggja ára áætlunar skulu sveitarfélög sundurliða áætlaðan rekstur sinn niður á málaflokka, sbr. viðauka 5.

5. gr.

Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. nóvember 2004.

Árni Magnússon.

Lárus Bollason.

VIÐAUKI A

Rekstrarreikningur

Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil A og B hluta	
	Árið	Fjárhagsáætlun	Árið	Fjárhagsáætlun
Tekjur:				
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs				
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga				
Aðrar tekjur				
	0	0	0	0
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld				
Breyting lífeyrisskuldbindinga				
Annar rekstrarkostnaður				
	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	0	0	0	0
Afskriftir				
Óvenjulegir liðir				
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0

VIÐAUKI B

Efnahagsreikningur 31. desember
Eignir

Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekin reikningskil A og B hluta	
	Árið	Fyrra ár	Árið	Fyrra ár
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir				
Veitukerfi				
Vélar, áhöld og tæki				
	0	0	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignahlutir í félögum				
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki				
Aðrar langtímakröfur				
	0	0	0	0
Fastafjármunir	0		0	
Veltufjármunir:				
Birgðir				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur				
Næsta árs afborganir langtímakrafna á eigin fyrirtæki				
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna				
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki				
Aðrar skammtímakröfur.....				
	0	0	0	0
Handbært fé				
Veltufjármunir	0	0	0	0
Eignir samtals	0	0	0	0

VIÐAUKI C

Efnahagsreikningur 31. desember
Skuldir

Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekin reikningsskil A og B hluta	
	Árið	Fyrra ár	Árið	Fyrra ár
Eigið fé				
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar				
Aðrar skuldbindingar				
Skuldbindingar	0	0	0	0
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir				
Skuldir við eigin fyrirtæki				
Aðrar langtímaskuldir				
Langtímaskuldir	0	0	0	0
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir				
Viðskiptaskuldir				
Næsta árs afborganir langtímaskulda við eigin fyrirtæki				
Næsta árs afborganir annarra langtímaskulda				
Skuldir við eigin fyrirtæki				
Aðrar skammtímaskuldir				
Skammtímaskuldir	0	0	0	0
Skuldir og skuldbindingar samtals	0	0	0	0
Skuldir og eigið fé samtals	0	0	0	0

VIÐAUKI D

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekin reikningskil A og B hluta	
	Árið	Fjárhagsáætlun	Árið	Fjárhagsáætlun
Rekstrarhreyfingar:				
Niðurstaða ársins				
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður eigna				
Reiknaðar afskriftir				
Verðbætur og gengismunur				
Breyting lífeyrisskuldbindinga				
Veltufé frá rekstri	0	0	0	0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, lækkun (hækkun)				
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)				
Aðrar skammtimacröfur, lækkun (hækkun)				
Skammtimaskuldir, lækkun (hækkun)				
Afborganir lífeyrisskuldbindinga				
Breytingar	0	0	0	0
Handbært fé frá (til) rekstrar	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum				
Söluverð seldra rekstrarfjármuna				
Eignarhlutir í félögum, breyting				
Langtímakröfur, breyting				
Fjárfestingarhreyfingar	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:				
Tekin ný langtímalán				
Afborganir langtímalána				
Viðskiptastaða við eigin fyrirtæki, breyting				
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting				
Önnur skammtímafjármögnun				
Fjármögnunarhreyfingar	0	0	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	0	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0	0	0
Handbært fé í árslok	0	0	0	0

VIÐAUKI H

SUNDURLIÐAD REKSTRARYFIRLIT ADALSJÓÐS FRH.

Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Samtals tekjur	Laun og launatengd gjöld	Breyting lífeyris- skuldb.	Ammar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármunat. og (fjármagnsgj.) nettó	Niður- staða	Fjárhags- áætlun
<p>Í þús. kr.</p> <p>05 Menningarmál</p> <p>0 Sameiginlegir líðir</p> <p>2 Bókasöfn</p> <p>3 Önnur söfn</p> <p>4 Bygðasaga</p> <p>5 Listir</p> <p>6 Menningarhaus - félagshermiili</p> <p>7 Háttaböld</p> <p>8 Ýmsir styrkir og framlög</p> <p>06 Æskulyðs- og íþróttamál</p> <p>0 Sameiginlegir líðir</p> <p>1 Leikvellir</p> <p>2 Æskulyðsmál</p> <p>26 Samananskipti</p> <p>27 Vinuskóli</p> <p>29 Önnur æskulyðsmál</p> <p>3 Félagsmóstöðvar</p> <p>5 Íþróttahús og sundlaugar</p> <p>51 Íþróttahús</p> <p>51.01 Íþróttahús I</p> <p>51.02 Íþróttahús 2</p> <p>51.03 Íþróttahús 3 o.s.frv.</p> <p>53 Sundlaugar</p> <p>55.01 Sundlang 1</p> <p>55.02 Sundlang 2</p> <p>55.03 Sundlang 3 o.s.frv.</p> <p>59 Önnur íþróttamannvirki</p> <p>6 Íþróttasvæði</p> <p>8 Styrkir til æskulyðs- og íþróttamála</p> <p>07 Brottamál og almannavarnir</p> <p>0 Sameiginlegir líðir</p> <p>2 Brottavarnir</p> <p>4 Almennavarnir og öryggismál</p> <p>40 Sameiginlegir líðir</p> <p>42 Náttúruhamfarir</p> <p>43 Spjallflöðavarnir - skriðfallavarnir</p> <p>44 Spjallflöðavarnir - sjóvarnargarðar</p> <p>45 Jarðskjálftavarnir</p> <p>8 Ýmsir styrkir og framlög</p>											

VIÐAUKI J

SUNDURLIÐAD REKSTRARYFIRLIT ADALSJÓÐS FRH.

Skatt-tekjur	Framlög jöfnunarsjóðs	Aðrar tekjur	Samtals tekjur	Laun og launategð gjöld	Breyting lífeyris-skuldb.	Ammar rekstrar-kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármunat. og fjármagnsgj. nettó	Niðurstaða	Fjárhags-áætlun

Í þús. kr.

11 Umhverfismál

- 0 Sameiginlegir líbr
- 2 Almenningsgarðar
- 3 Útvísarsvæði
 - 31 Skógræktarsvæði
 - 39 Annad
- 4 Opin svæði
- 5 Umhverfi gæta og törg
- 6 Skreytingar
- 7 Minka- og reifeyðing
- 8 Ymsir styrkir og framlög

13 Atvinnumál

- 0 Sameiginlegir líbr
- 2 Landbúnaður
- 4 Jönaður
- 5 Fiskeldi og flugerð
- 6 Ferðamal
- 8 Ymsir styrkir og framlög

20 Framlög til B-blúsa fyrirtækja

- 10 Hámarjóður
- 21 Vansveita
- 22 Rafveita
- 23 Hlaiveita
- 24 Fráveita
- 25 Örkuveita
- 30 Sorphirða og sorpeyðing
- 40 Iðnaðarsvæði
 - 41 Félagstætt iðnaðarsvæði
 - 49 Annad iðnaðarsvæði
- 50 Dvalar- og hjúkunarheimili
- 61 Almenningssamgöngur
- 62 Bliðastæðisjóðir
- 63 Malbikunarstöðvar
- 70 Byggðasamlög
 - 71 Byggðasamlög - Grunnskóli
 - 72 Byggðasamlög - Leikskóli
 - 73 Byggðasamlög - Tónlistarskóli
 - 74 Byggðasamlög - Eskulyfs- og þr.mál
 - 75 Byggðasamlög - Brunavarnir
 - 79 Byggðasamlög - Önnur byggðasamlög
- 80 Annad

VIÐAUKI K

SUNDURLIÐAD REKSTRARYFIRLIT ADALSJÓÐS FRH.

Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Samtals tekjur	Laun og launatengd gjöld	Breyting lífeyris- skuldb.	Annar reklarar- kostnaður	Afskriftir	Samtals gjöld	Fjármunat. og (fjármagnsgj.) nettó	Niður- staða	Fjárhags- áætlun
21 Sameiginlegur kostnaður											
0 Meðlæti sveitarstjórnarmála											
01 Sveitarstjórn											
07 Endurskoðun											
1 Kosningar											
11 Sveitarstjórnarkosningar											
15 Alþingis- og forsétarkosningar											
19 Aðrar atkvæðagreiðslur											
2 Sameining sveitarfélaga											
3 Ónotaður eignir											
4 Skrifstofur sveitarfélagsins											
5 Risna, móttökur og kynningarmál											
6 Starfsmannakostnaður											
7 Samskipti sveitarfélaga											
8 Ymsir styrkir og framlög											
22 Breyting lífeyrisskuldbindinga											
27 Óvenjulegir líbir											
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld											
0 Fjármunatekjur											
01 Vaxta- og verðbataekjur af veltifjármunum											
02 Tekjur af eignarhlutum											
03 Vaxta- og verðbataekjur af langtímadröfjum											
04 Gengissamur											
1 Fjármagnsgjöld											
11 Vaxta- og verðbatagjöld af skammtímaskuldum											
13 Vaxta- og verðbatagjöld af langtímaskuldum											
14 Gengissamur											
15 Fjármagnstekjuskattur											
Samtals rekstur aðalsjóðs											

í þús. kr.

21 Sameiginlegur kostnaður

- 0 Meðlæti sveitarstjórnarmála
- 01 Sveitarstjórn
- 07 Endurskoðun
- 1 Kosningar
- 11 Sveitarstjórnarkosningar
- 15 Alþingis- og forsétarkosningar
- 19 Aðrar atkvæðagreiðslur
- 2 Sameining sveitarfélaga
- 3 Ónotaður eignir
- 4 Skrifstofur sveitarfélagsins
- 5 Risna, móttökur og kynningarmál
- 6 Starfsmannakostnaður
- 7 Samskipti sveitarfélaga
- 8 Ymsir styrkir og framlög

22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

27 Óvenjulegir líbir

28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

- 0 Fjármunatekjur
- 01 Vaxta- og verðbataekjur af veltifjármunum
- 02 Tekjur af eignarhlutum
- 03 Vaxta- og verðbataekjur af langtímadröfjum
- 04 Gengissamur
- 1 Fjármagnsgjöld
- 11 Vaxta- og verðbatagjöld af skammtímaskuldum
- 13 Vaxta- og verðbatagjöld af langtímaskuldum
- 14 Gengissamur
- 15 Fjármagnstekjuskattur

Samtals rekstur aðalsjóðs

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Flateyri.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 8. nóvember 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Flateyri.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpurðun í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:

Árlegt gjald miðað við ílát er sem hér segir:

Sorphirðugjald á ílát, íbúðarhúsnæði	kr. 7.950
Sorphirðugjald á ílát, sumarhús	kr. 2.750

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

Árlegt sorpurðunargjald frá atvinnurekstri og húsnæði í dreifbýli svo og öðru húsnæði og stofnunum, sem nota gáma og/eða hafa aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum sveitarfélagsins. Fyrirtækjum er raðað í flokka samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs. Gjaldið er sem hér segir:

I.				
	Flokkur	1	kr.	6.200
	Flokkur	2	-	37.100
	Flokkur	3	-	111.300
	Flokkur	4	-	222.600
	Flokkur	5	-	445.200

Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

II.

Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	kr.	7.700
Þjónustubýli	-	3.600
Sumarbústaðir	-	1.800

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2005.

Sauðárkróki, 19. nóvember 2004.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

REGLUR

um breytingu (20) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upptalning á starfsnefndum háskólaráðs í 1. másl. 11. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi: Á vegum háskólaráðs og rektors starfa eftirtaldar nefndir: fjármálanefnd, kennslumálanefnd, vísindanefnd, jafnréttisnefnd, markaðs- og samskiptanefnd og samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál.

2. gr.

Ákvæði 5. mgr. 46. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Undanþága frá inntökuskilyrðum 1. og 2. mgr., sem veitt er á grundvelli 3. mgr., veitir einungis leyfi til nýskrásetningar í það nám sem umsækjandi hyggst stunda og á því háskólaári. Veitt undanþága gildir þó áfram þegar stúdent sem stundar námið í samræmi við reglur háskólans, skráir sig í námskeið við árlega skráningu. Óski stúdent, sem fengið hefur leyfi til að stunda nám í einni námsgrein á grundvelli undanþágu, eftir því að stunda nám í annarri grein, verður hann að sækja um sérstaka undanþágu til þess, og gildir það jafnt þótt námið sé innan sömu deildar. Sama gildir ef stúdent gerir hlé á námi sínu um eins árs skeið eða lengur.

3. gr.

Töluliðir 1, 2.1 og 2.2 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. breytast og verða svohljóðandi:

- 1 Baccalaureus artium og Baccalaureus scientiarum, B.A./B.S., 3-4 ár eftir greinum.
- 2.1 Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws, Master of Social Work, Master of Library and Information Science, Master of Health Informatics og Magister juris M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW/MLIS/MHI/Mag.jur., 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið, eða reglum settum af háskólaráði um þverfaglegt nám á meistarastigi.

2.2 Kandídatspróf, candidatus theologiae (cand. theol.), candidatus medicinae (cand. med.), candidatus pharmaciae (cand. pharm.), candidatus oeconomiae (cand. oecon.), candidatus obstetriciorum (cand. obst.), candidatus odontologiae (cand. odont.), candidatus psychologiae (cand. psych.), 4-6 ár eftir greinum.

4. gr.

Í stað orðsins „heimspekideild“ hvarvetna í 1. mgr. 3. gr., 12. gr., 5. mgr. 53. gr. og XIV. kafla reglnanna kemur: hugvísindadeild.

Heiti XIV. kafla breytist og verður: Hugvísindadeild.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á XII. kafla reglnanna, sem fjallar um nám við lagadeild:

1. Ákvæði 1. mgr. 91. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Lagadeild veitir kennslu til B.A.-prófs og meistaraþrófs í lögfræði, sbr. 6. mgr. Meistaraþróf í lögfræði er jafngildi embættis- eða kandídatsprófs. Sá sem hefur lokið meistaraþrófi við lagadeild ber próftítilinn magister juris (mag. jur.)
2. Ákvæði 2. mgr. 91. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til B.A.-prófs jafngildir 90 einingum. Nám í lögfræði til meistaraþrófs jafngildir 150 einingum, þ.e. 60 einingum í framhaldsnámi að loknu B.A.-prófi.
3. Ákvæði 4. mgr. 91. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Framhaldsnám í lögfræði til meistaraþrófs er fólgið í því, að stúdent skal ljúka námsgreinum sem jafngilda alls 45 einingum, auk þess sem hann skal standa skil á meistaraaritgerð eða öðru lokaverkefni sem metið er til 15 eininga.
4. Ákvæði 6. mgr. 91. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Lagadeild setur nánari reglur um nám við lagadeild, þ. á m. um B.A.-nám og framhaldsnám í lögfræði.
5. Ákvæði 4. mgr. 92. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Próf í inngangi að lögfræði skal haldið á miðju kennslutímabili á haustmisseri, en próf í öllum öðrum námsgreinum til B.A.-prófs skulu haldin í lok kennslutímabils. Sjúkra- og upptökupróf í inngangi að lögfræði og almennri lögfræði skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili, en ekki á sumarpróftímabili. Önnur sjúkra- og upptökupróf skulu haldin á sumarpróftímabili og um þau fer að öðru leyti eftir ákvæðum 56. gr. þessara reglna.
6. Ákvæði 6. mgr. 92. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Stúdent er ekki heimilt að gangast oftari en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í B.A.-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í B.A.-námi, er hann fallinn úr lagadeild.
7. Ákvæði 1. mgr. 93. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Stúdent skal hafa lokið B.A.-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands áður en hann hefur framhaldsnám í lögfræði til meistaraþrófs. Lagadeild getur heimilað að stúdent, sem lokið hefur sambærilegu prófi frá öðrum háskóla, hefji framhaldsnám við deildina til meistaraþrófs.
8. Ákvæði 5. mgr. 93. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Til að standast próf í framhaldsnámi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum, hverri um sig, og einnig fyrir meistaraaritgerð (eða annað lokaverkefni). Lokaeinkunn til meistaraþrófs í lögfræði skal reiknuð sem vengið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum í framhaldsnámi.
9. Ákvæði 7. mgr. 93. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Stúdent skal hafa lokið meistaraprófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í framhaldsnám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysis-ástæður koma til.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á XIV. kafla reglnanna, sem fjallar um nám við hugvísindadeild:

1. Við upptalningu á kennslugreinum deildarinnar í fyrsta lið 1. mgr. 101. gr. bætist: íslenska fyrir erlenda stúdenta.
2. Fimmti liður 1. mgr. 101. gr. fellur niður.
3. Síðasti málsliður 1. mgr. 102. gr. fellur niður.
4. Yfirskrift 103. gr. breytist og verður: B.A.-próf.
5. Önnur málsgrein 103. gr. fellur niður.
6. Ákvæði 3. mgr. 103. gr. breytast og verða svohljóðandi:
Erlendir stúdentar sem stunda nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta og hafa þegar nokkra þekkingu á íslensku geta uppfyllt námskröfur fyrsta árs með því að ljúka prófum fyrsta árs við upphaf haustmíssis árs hvert.

7. gr.

Lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða, sbr. 12. gr. reglna nr. 362/2004, breytast og verða svohljóðandi:

Ákvæði 119. gr. reglna þessara um að lágmarkseinkunn í raunvísindadeild skuli vera 5,0 (sbr. og 10. gr. reglna nr. 362/2004) gilda frá og með haustmísseri 2004 fyrir þá stúdenta sem skrá sig nýskrásetningu háskólaárið 2004 – 2005 eða síðar. Fyrir þá stúdenta sem skráðir voru til náms við deildina háskólaárið 2003 – 2004 gildir áfram lágmarkseinkunnin 4,0 í hverri prófgrein og lágmarksmeðaleinkunnin 5,50 í hverjum prófflokki, þ.e. tveimur míssisprófum sama kennsluárs. Heimilt er raunvísindadeild að fallast á beiðni stúdents um að nýrri reglur gildi um nám hans.

8. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, á grundvelli tillagna háskóladeilda hvað varðar 3. – 7. gr., öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 15. nóvember 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Upplestur.

1. gr.

Upplestur er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Upplesturs og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé Upplesturs er kr. 600.000, krónur sexhundraðþúsund 00/100. Stofnféð hefur verið greitt af eftirfarandi aðilum:

<i>Nafn:</i>	<i>Kennitala:</i>	<i>Fjárhæð:</i>
Helga Hjörvar	020743-3609	10.000
Helgi Hjörvar	090667-4839	10.000
Þórhildur Elín Elínardóttir	140467-3409	10.000
Netbankasjóðurinn	630502-2330	570.000

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

3. gr.

Markmið Upplesturs er að styðja og styrkja blinda og sjónskerta, menningarstarfsemi og þar með talið upplestur bóka og bókmennta og miðlun hans. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

4. gr.

Í stjórn Upplesturs sitja Helgi Hjörvar, kt. 260249-2319, Helga Hjörvar, kt. 020743-3609 og Þórhildur Elín Elínardóttir, kt. 140467-3409. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn stofnunarinnar og skal hann þá um leið tilnefna nýjan varamann í sinn stað. Stjórnin kýs formann stjórnar, varaformann, gjaldkera og skiptir að öðru leyti með sér verkum til eins árs í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í nóvembermánuði 2004. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef einn stjórnarmaður krefst þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók. Formaður kemur fram fyrir hönd Upplesturs og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

5. gr.

Stjórn Upplesturs fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum mállefnum, eignum og rekstri Upplesturs, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu Upplesturs. Formaður kemur fram fyrir hönd Upplesturs og er forsvarsmáður stofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að yfirfara reikninga Upplesturs. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni. Boða skal ársfund fyrir lok maímánaðar með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Upplesturs hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

6. gr.

Tekjur Upplesturs eru eftirfarandi: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og aðrar sértekjur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar og með heimild dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Sama gildir um ákvörðun um að leggja Upplestur niður. Í því tilviki skal eigum Upplesturs ráðstafað með tilliti til markmiða stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniasson.

Bryndís Helgadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Hvalamiðstöðin á Húsavík.

1. gr.

Hvalamiðstöðin á Húsavík er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík og varnarþing er á Húsavík.

2. gr.

Stofnfé Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík er kr. 600.000, krónur sexhundraðþúsund 00/100. Stofnféð hefur verið greitt af eftirfarandi aðilum:

<i>Nafn:</i>	<i>Kennitala:</i>	<i>Fjárhæð:</i>
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.	561297-3479	600.000

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

3. gr.

Markmið Hvalamiðstövarinnar á Húsavík er að reka fræðslumiðstöð og safn um hvali, lífríki þeirra hér við land ásamt því að veita almennar upplýsingar um sögu hvalveiða og hvalaskoðunar. Hvalamiðstöðinni er einnig ætlað að safna upplýsingum, sögum, gögnum og gripum sem tengjast markmiðum safnsins ásamt því að stuðla að rannsóknum á hvöllum án þess að skaða þá. Þá er safninu ætlað að verka og varðveita beinagrindur af hvöllum, höfrungum og hnísum sem festast í veiðarfærum eða stranda við Ísland eftir því sem ástæða þykir til eða aðstæður leyfa. Safnið skal einnig leitast við að miðla almennri fræðslu um lífríki sjávar, þar á meðal; fræðslu um lífkeðjuna í sjónum, hafstrauma, fiskistofnana, sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar, umgengni við auðlindina, hættur sem stafa af mengun, rannsóknir á lífríki sjávar og fleira. Einnig verslun með minjagripi og tengd starfsemi. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

4. gr.

Í stjórn Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík sitja: Erla Sigurðardóttir, kt. 171264-2949, Höfðavegi 22, 640 Húsavík, Tryggvi Finnsson, kt. 010142-2619, Uppsálavegi 28, 640 Húsavík og Helgi Ó. Pálsson, kt. 170462-4759, Árholti 10, 640 Húsavík. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn stofnunarinnar og skal hann þá um leið tilnefna nýjan varamann í sinn stað. Stjórnin kýs formann stjórnar, og skiptir að öðru leyti með sér verkum til eins árs í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í októbermánuði 2004. Sérstaklega skal ákveða hver gegnir stöðu gjaldkera á hverjum tíma. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef tveir stjórnarmenn krefjast þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

5. gr.

Stjórn Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum málefnum, eignum og rekstri Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík. Formaður kemur fram fyrir hönd Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík og er forsvarsmáður stofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber í samvinnu við framkvæmdastjóra ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að yfirfara reikninga Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík.

Stjórnin hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra fyrir Hvalamiðstöðina á Húsavík. Framkvæmdastjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum rekstri sjálfseignarstofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér í samráði við gjaldkera stjórnar um reikningshald og hann ber einnig ábyrgð á ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur sjálfseignarstofnunarinnar sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni.

Boða skal ársfund fyrir lok maímánaðar með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

6. gr.

Tekjur Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík eru eftirfarandi: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og aðrar sértekjur s.s. sölutekjur og aðgangseyrir.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar og með heimild dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Sama gildir um ákvörðun um að leggja Hvalamiðstöðina á Húsavík niður. Í því tilviki skal eigum Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík ráðstafað í Suður-Þingeyjarsýslu með tilliti til markmiða stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 2004.

F. h. r.
Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi á svæði sunnan flugeldhúss Flugleiða við götu A samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytis samþykkti þann 5. nóvember 2004 óverulega breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli sem upphaflega var staðfest af utanríkisráðherra 25. mars 1997.

Breytingin er í því fólgin að gert er ráð fyrir nýju hliðhúsi við götu A við innri girðingu. Um er að ræða einnar hæðar hús samtals 60 m² að stærð. Byggingin verður aðsetur flugvallarvarða sem gæta flugöryggis á flugþjónustusvæði, annast hliðvörslu og fylgjast með umferð manna og ökutækja um þá hluta flugþjónustusvæðis, sem hafa beinan aðgang að flughlöðum og flugbrautum (airside areas).

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 7. október 2004 til 19. október 2004, auk þess sem deiliskipulagsuppráttur er sýnir fyrirhugaða breytingu var til sýnis á skrifstofu flugvallarstjóra á Keflavíkurflugvelli í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, á venjulegum skrifstofutíma, framangreint tímabil. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma auk þess sem eftirtaldir samþykktu skipulagsbreytinguna með áritun sinni á skipulagsuppráttinn. Þeir eru: Gunnar Olsen vegna flugeldhúss Flugleiða hf., Þórarinn Kjartansson vegna Flugflutninga ehf. og Halldór Kristjánsson vegna Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða 22. október 2004 og afgreidd til Varnarmálaskrifstofu. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli mun taka að sér að bæta það tjón sem eintakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 19. nóvember 2004.

F.h. flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli,
Ómar Ingvarsson, yfirmaður flugvallarsviðs.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
952	19. nóv.	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Upplestur	2372-2374
953	22. nóv.	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Hvalamiðstöðin á Húsavík	2374-2376
954	19. nóv.	Auglýsing um óverulega breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli	2376

